

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Skútustaðahreppi árið 1997.

1. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1997, sem er innheimt með fasteignargjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) Íbúðir.

Sorphirðugjald kr. 6 000 á íbúð.

B) Fyrirtæki.

Sorphirðugjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

		kr.
Flokkur	a)	6 000
"	b)	18 000
"	c)	36 000
"	d)	72 000
"	e)	144 000

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að gilda árið 1997.

Umhverfisstjórnuneytinu, 6. febrúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 109

7. febrúar 1997

REGLUGERÐ

**um afnám reglugerðar nr. 244/1989 um undanþágu frá lögum nr. 52/1988,
um eiturefni og hættuleg efni, vegna sölu málningar- og lakkleysa,
sem innihalda metanól.**

1. gr.

Reglugerð nr. 244/1989 um undanþágu frá lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, vegna sölu málningar- og lakkleysa, sem innihalda metanól er hér með felld úr gildi.

Reglugerð þessi er sett með stöð í lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988 með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 7. febrúar 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.